

Nd.

**58. Þingsályktunartillaga.**

(Ræktun landsins til eflingar).

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að undirbúa, og semja lagafrumvörp, er lögð sju síðar fyrir alþingi, og fari í *meginatriðunum* í þá átt:

**A. að gjörbreyta ábúðarlöggjöfnni í þá átt, sem hjer segir:**

a, að eftirgjöld eftir jarðir sjeu æ greidd í tilteknum hluta af hvers konar arði, eða hlunnindum o. s. frv., er jörðin í hvert skifti gefur af sjer — verði því *breytileg*, eða mismunandi, eftir uppskerunni það eða það árið, eftir breytilegu, eða mismunandi verðmæti þess, sem aflað er af jörðinni o. s. frv.

Leiga af jarðarhúsum sje og í byggingarbrjefum einatt ákveðin *sjerstaklega*, þ. e. sje ekki á nokkurn hátt slegið saman við eftirgjaldið ella.

b, að ekki sjeu í byggingarbrjefum, nje ella, nokkur höft á það lögð, að selja megi eða flytja af jörðu hvað eina, er jörðin gefur af sjer, eða þar er aflað, hvort sem er hey, eldiviður, áburðarefni, eða hvað annað, hverju nafni, sem nefnist.

c, að heimilt sje æ landsdrotni einum, vilji leiguliði eigi — sem honum æ sje heimilt — vera í samlögum við hann (sbr. síðar) *að láta framkvæma hvers konar umbætur á jörðinni*, er — að áliti sjerfróðra manna — miða til þess, að auka framleiðslu hennar, enda beri landsdrotni þá og hluti af aukinni framleiðslu jarðarinnar, — miðað við fjeð, er hann lagði fram, og eftir sama hlutfalli, sem eftirgjaldið.

d, að skylt sje æ leiguliða að gefa landsdrotni kost á, að taka — alt að helmingi — þátt í hverri þeirri umbót á jörðinni, til að auka framleiðslu hennar, er þess eðlis er, eða svo kostnaðarsóm, að leiguliði vill endurgjalds krefjast af landsdrotni fyrir framlagt fé, er hann, eða ekkja hans, eða barn þeirra, fer af jörðu. —

e, að ekki sje heimilt, að taka í byggingarbrjef ákvæði, er banni leiguliða að taka húsmenn, nje heldur ákvæði, er leggi á hann þær kvaðir, að inna af hendi ákveðin persónuleg störf fyrir landsdrottinn, eða aðra, svo sem: að róa á ákveðnum útveg, eða því líkt.

f, að öll leiguliða-ábúð sje æ **lífstíðarábúð**, þ. e. jörðin heimiluð leiguliða æfilangt — sem og ekkju hans, og enn fremur, ef óskað er, því barnanna, sem til er tekið —, nema hann sitji jörðina svo illa, að rjett sje, að útbyggingu varði.

Heimilt sje og landsdrotni æ, að hagnýta, eða láta hagnýta, námur, eða foss-afl, eða því líkt, er á jörðu kann að vera, og eigi þarf að nota við rekstur búskaparins á jörðinni, enda fái leiguliði þá og að fullu bættan hvers konar skaða, er af kann að leiða.

**B. að styðja að því, að skapast geti sem fyrst sjálfstæð húsmanna- eða þurrabúðarmannastjett í landiuu — eða í frekari mæli, en nú er —, sem nokkur afnot af landi hafi og við að styðjast, — styðja að því með því:**

að lögleiða, að af hverri jarðeign, er sýslunefnd telur þess um komna, megi — af óræktuðu, og ónotuðu landi, sem eigi telst jörðinni alómíssandi, til búfjárhaga, eða ella — *taka land til húsmanna- eða þurrabúðarmanna-lóða* — eftir beiðni einstaklings, viðkomandi sveitar- eða sýslu-nefndar, eður og landstjórnarinnar —, *gegn hæfilegu, ævarandi, árlegu eftirgjaldi* til umráðanda jarðarinnar (þ. e. jarðeiganda — ef um jörð í sjálfsábúð ræðir —, en til jarðeiganda og leiguliða ella), og getur þá sá, er slikrar útmælingar er að-

njótandi orðinn, bæði veðsett, og selt rjett sinn, ef vill (þ. e. rjettinn, að mega, gegn ákveðnu, ævarandi, árlegu eftirgjaldi, nota sjer landpettið).

Sjeu og að öllu samskonar reglur um framlög til ræktunar, eða umbóta slikri lóð, sem þá og um hækkun á eftirgjaldi eftir aukinni framleiðslu, — um útbyggingu o. fl., sem að framan segir um jarðeignir.

Gætt sje þess æ, að lóðin sé nægilega umgirt. —

**C. að koma á nægilega öflugri útláns-stofnun, er eingöngu haf það hlutverk, að lána út fje gegn veki í jarðeignum, að með töldum húsmanna- eða þurrabúðar-lóðum — sem og húsum, og mannvirkjum þar, *eigi sist* steinsteypu-húsum —, og sé lánið veitt með sem vægustum kjörum, og til sem allra lengst tíma, er *aldrei* sje skemmiri, en 60—120 ár, og megi lánið nema alt að  $\frac{3}{4}$  virðingarverðsins, enda sje og æ afturtækt sje eigninni, og mannvirkjunum eigi haldið vel við.**